



# Leikskóli Snæfellsbæjar

Starfsáætlun skólaárið 2025-2026

Virðing – vinátta – gleði



## Efnisyfirlit

Um leikskólann.....	3
Lög um leikskóla.....	4
Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:.....	4
Aðalnámskrá leikskóla.....	5
Stefna og uppeldislegar áherslur .....	5
Megináherslur í starfi leikskóla Snæfellsbæjar 2025-2026: .....	6
<b>Stoð og sérþjónusta.....</b>	<b>7</b>
Farsæld barna og samþætting þjónustu .....	7
Samstarf heimilis og skóla .....	8
<b>Tölulegar upplýsingar .....</b>	<b>8</b>
<b>Starfsfólk.....</b>	<b>9</b>
Starfsmannastefna.....	9
Starfspróunaráætlun .....	10
Starfspróunarsamtöl .....	11
Fundir og faglegar áherslur á skólaárinu.....	11
<b>Mat á skólastarfi .....</b>	<b>11</b>
Skimanaáætlun.....	12
<b>Foreldrasamstarf .....</b>	<b>13</b>
Foreldrafélag.....	13
Fréttabréf og Karellen smáforritið/heimasíðan .....	13
<b>Mötuneyti .....</b>	<b>14</b>
<b>Viðburðir .....</b>	<b>14</b>
<b>Samstarf við grenndarsamfélag.....</b>	<b>14</b>
Samstarf leik- og grunnskóla .....	14
Heilsugæslustöð .....	14
<b>Öryggismál .....</b>	<b>14</b>
Öryggisnefnd.....	15
<b>Skóladagatal.....</b>	<b>15</b>
<b>Lokaorð .....</b>	<b>16</b>



## Starfsáætlun leikskóla Snæfellsbæjar

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html> vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram. Í samræmi við 14. gr. laga um leikskóla frá árinu 2008 skal árlega gefa út starfsáætlun leikskóla. Í starfsáætlun er fjallað um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahlald hvers leikskóla. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu og fyrirkomulagi öryggis- og slysamála eftir því sem við á. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðslunefnd tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla. Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

## Um leikskólann

Leikskóli Snæfellsbæjar starfar á tveimur starfsstöðvum á Hellissandi og í Ólafsvík og rekinn af sveitarfélaginu.

Heimilisfang leikskólans er Naustabúð 17 / Brúarholt 9

Skólastjóri leikskólans er faglegur leiðtogi og ber ábyrgð á faglegu starfi og rekstri leikskólans og starfar samkvæmt starfslýsingu leikskólustjóra. Leikskólustjóri er Hermína K. Lárusdóttir



## Lög um leikskóla

Leikskóli Snæfellsbæjar starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Leikskólinn er fyrsta skólástigið í skólakerfinu og er fyrir börn að skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi. Foreldrar, samkvæmt lögum þessum, teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í gegnum leik og í skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildum.

## Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- Að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.
- Að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.
- Að huga að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar.
- Að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra.
- Að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.
- Að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannglegra samskipta.



## Aðalnámskrá leikskóla

Aðalnámskrá leikskóla var endurskoðuð og endurútgefin árið 2011, auk þess sem breytingar voru gerðar á fjórum köflum hennar árið 2023, og starfar leikskólinn samkvæmt henni. Hver leikskóli gerir skólanámskrá fyrir sinn leikskóla og mótar sér stefnu sem allt starfsfólk vinnur eftir. Hún lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Leikskólar vinna sína skólanámskrá sem síðan þarf að meta og endurskoða. *Skólanámskrá leikskóla Snæfellsbæjar hefur verið í endurskoðun og áætlað að þeirri vinnu ljúki á þessu skólaári 2025-2026*

## Stefna og uppeldislegar áherslur

Í leikskólanum okkar leggjum við áherslu á að skapa öruggt og hlýlegt umhverfi þar sem öll börn fá að njóta sín, þroskast og læra í leik. Stefna okkar byggir á einkunnarorðum leikskólans *virðing, vinátta og gleði*, sem endurspeglast í daglegu starfi:

- **Virðing:** Við berum virðingu fyrir hverju barni, fjölskyldu og samstarfsfólki. Við hlustum, tökum tillit og leggjum okkur fram við að efla sjálfsmynd og sjálfstæði hvers barns.
- **Vinátta:** Við styðjum börnin í að mynda jákvæð og traust tengsl hvert við annað. Með samvinnu, umhyggju og jákvæðri samskiptatækni lærum við að leysa ágreining og efla félagsfærni.
- **Gleði:** Við leggjum áherslu á gleðina í leik og námi. Með hvetjandi og fjölbreyttu umhverfi vekjum við forvitni, sköpun og gleði barna í daglegum verkefnum.

Markmið okkar er að allir – börn, foreldrar og starfsfólk – upplifi leikskólann sem stað þar sem hlýja, öryggi og jákvæðni ríkir.



## Megináherslur í starfi leikskóla Snæfellsbæjar 2025-2026:

### Leikur að læra

Leikur að læra er kennsluáðferð þar sem börnum á aldrinum tveggja til tíu ára eru kennd öll bókleg fög í gegnum leiki, hreyfingu og skynjun á skipulagðan, líflegan og árangursríkan hátt. Leikur að læra er hugsað út frá þörfum barna til að leika og hreyfa sig og upplifa námsefnið í gegnum mismunandi skynfæri.

### Blær – tilfinningalæsi og vinátta

Í vinnu með Blæ er lögð áhersla á að efla tilfinningalæsi, samkennd og jákvæð samskipti. Börnin læra að þekkja og setja orð á tilfinningar sínar og annarra, sem styrkir vináttu og vellíðan

### Markviss málörvun

Sé markviss í daglegu starfi. Unnið er markvisst að því að efla málþroska nemenda, auka orðaforða þeirra og orðskilning og leggja með því dýrmætan grunn að læsi. Unnið er með bóklestur, sögur sagðar, vísur, rím og hlustunarleiki. Markvisst er lesið einstaklingslega fyrir yngstu nemendur skólans og þá gripin færi sem gefast í leiktíma. Lögð er áhersla á samstarf heimilis og leikskóla þegar kemur að bóklestri og einu sinni á ári er sett af stað samstarfsverkefni þar sem foreldrar eru hvattir til að lesa fyrir börn sín. Starfsfólk sé sífellt meðvitað í starfi sínu að setja orð á athafnir

### Lubbi finnur málbein

Sé notaður á öllum deildum leikskólans. Þar sem markvisst er verið að leggja inn íslensku máhljóðin.

Að vinna áfram markvisst með **tákn með tali**. Tákn með tali er notað almennt á deildum leikskólans og ná þar með börn sem eru tví- og/eða fjöltyngd að byrja að tjá sig með táknum áður en þau ná að byrja að tala. Þetta flýtir fyrir máltöku barnanna og þau geta fyrr gert sig skiljanleg. Á veggjunum fram á gangi má finna hvert tákn vikunnar er. Unnið er með það markvisst í daglegu starfi innan vikunnar.



## Stoð og sérþjónusta

Aðstoðar- og sérkennslustjóri starfsstöðvar sinnir öllum þeim tilvikum sem tengjast sérkennslunni. Ráðgjöf til deilda og foreldra, samskipti við sérfræðinga og fundi er varða þjálfun barna. Einnig sinna þeir einstaklingsþjálfun barna með tal- og málþroskafrávik. Talmeinafræðingur kemur á sitthvora starfsstöðina einu sinni í mánuði og leggur fyrir mál – og eða framburðarmat. Fjórum sinn á önn kemur sálfræðingur ef þörf er á, hann sinnir frumgreiningum og ráðgjöf ef óskað er eftir.

## Farsæld barna og samþætting þjónustu

Ný lög um farsæld barna tóku gildi árið 2022. Megin markmið laganna er að stuðla að farsæld barna með því að börn og foreldrar sem þurfa á að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Skipulögð og samfelld þjónusta hefur það að markmiði að stuðla að farsæld barns og er veitt af þeim þjónustuaðilum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barnsins hverju sinni. Samþætting þjónustu er aðstoð við foreldra við að finna lausnir á vanda barna. Með samþættingu er brugðist við þörfum barna og foreldra fyrir þjónustu á skjótan og skilvirkan hátt þegar þörf krefur. Samþætting þjónustu getur m.a. falist í því að hafa milligöngu um að vísa málefnum barns eða fjölskyldu í viðeigandi þjónustukerfi. Í leikskóla Snæfellsbæjar eru tveir tengiliðir einn á hvorri starfsstöð Krílakoti og Kríubóli.

Tengiliður farsældar er starfsmaður sem hefur viðeigandi þekkingu á þjónustu í þágu farsældar barna og rækir hlutverk sitt í samstarfi og samráði við foreldra og barn. Tengiliður aðstoðar við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns, m.a. með samtölum við foreldra og barn og eftir atvikum aðra þjónustuveitendur, t.d. skóla og/eða félagsþjónustu. Tengiliður veitir foreldrum og barni upplýsingar um mögulega þjónustu við barn og skipuleggur og fylgir eftir að barn og/eða fjölskylda fái viðeigandi þjónustu. Í þessu felst m.a. að tengja fjölskyldur við þjónustuveitendur.

Tengiliðir starfsstöðvanna eru: Linda Rut Svansdóttir leikskólinn Kríuból Hellissandi og Þorkatla Kr. Sumarliðadóttir leikskólinn Krílakot Ólafsvík.

Linda Rut – netfang: [lindarut@snb.is](mailto:lindarut@snb.is), sími: 4336926

Þorkatla – netfang [thorkatla@snb.is](mailto:thorkatla@snb.is) , sími: 4336925



## Samstarf heimilis og skóla

Lögð er rík áhersla á að heimili og leikskóli vinni vel saman að þroska og vellíðan barnsins. Starfsfólk leggur sig fram við að stuðla að virðingarríkum og gagnkvæmum samskiptum við foreldra er varða barnið og líðan þess. Hlutverk leikskólans er einnig að fræða foreldra um alhliða þroska barna og er það gert á fjölbreyttan hátt sem dæmi í gegnum samtöl, á foreldrafundum og í gegnum tölvupóst. Einu sinni í viku sendum við heim ýmsan fróðleik þar sem áhersla er lögð á að efla málþroska.

### Þar geta verið:

- Stutt fræðslugrein fyrir foreldra um málþroska og hvernig hægt er að styðja hann í daglegu lífi.
- Leikir og æfingar sem efla orðaforða, hlustunarskilning og samtal.
- Myndir eða spjöld sem hvetja til samtals og orðasköpunar.

### Markmið fróðleiksins er að:

- efla samstarf heimilis og leikskóla,
- styðja foreldra í að skapa auðugt málumhverfi,
- efla samskipti og tengsl innan fjölskyldunnar í gegnum leik og samtal.

## Tölulegar upplýsingar

### Fjöldi barna

Í september 2025 verða 81 nemendur

Árgangur	Drengir	Stúlkur	Alls
2020	9	12	21
2021	9	12	21
2022	5	5	10
2023	5	7	12
2024	8	9	17
<b>Fjöldi alls</b>	<b>36</b>	<b>45</b>	<b>81</b>



janúar 2026, 85 nemendur

Árgangur	Drengir	stúlkur
2024	4	0
<b>Fjöldi alls</b>		<b>85</b>

Dvalargildi	766.75
Barngildi	100,6

## Starfsfólk

Við leikskólann starfar fjölbreyttur og flottur hópur fólks með ýmsa menntun og reynslu. Við leikskóla Snæfellsbæjar starfa 32 starfsmenn í 29 stöðugildum. Á heimasíðu leikskólans má kynna sér hverjir eru að störfum hverju sinni, sjá heimasíðu:

<https://lsnb.leikskolinn.is/Stjornun/Starfsfolk>

## Starfsmannastefna



Móttökuáætlun

**Móttaka nýliða =**

Einn af stjórnendum skólans sér um móttöku við nýja starfsmenn. Fundur með nýliðum á fyrstu dögum í starfi. Í móttökuáætlun er verkum skipt á milli skólastjórnenda og deildarstjóra.



## Starfspróunaráætlun

Með starfspróun er átt við samfellt ferli sem miðar að því að auka og efla færni og þekkingu starfsmanns. Starfspróunaráætlunir taka mið af starfsemi og markmiðum stofnunar og við mótun þeirra er stuðst við áherslur í starfi stofnunar, niðurstöður starfs- og hæfnigreiningar og umræðu í starfsmannasamtali. Ábyrgðin hvílir bæði á vinnuveitanda og starfsmanni að því leyti að vinnuveitanda ber að skapa umgjörð og tækifæri til starfspróunar en starfsmaðurinn þarf að vera meðvitaður um eigin styrkleika og veikleika og gera sér raunhæfa áætlun til framtíðar. Stefnumiðuð starfspróun stuðlar að aukinni starfsánægju, hefur áhrif á árangur í starfi og minnkar líkur á brotthvarfi starfsmanns úr starfi.

Grunnur starfspróunaráætlunar felst í því að tryggja að starfshæfni starfsfólks styðji við skólafélagið leikskólans, skólafélagið sveitarfélagsins og þá menntastefnu sem birtist í aðalnámskrá leikskóla og er það meginmarkmið starfspróunaráætlunar.

### Haustönn 2025

Heiti námskeiðs	Þátttakendur
Menntafléttan	2 starfsmenn
Biðtíminn, frá frumgreiningu að athugunarferli á Ráðgjafar og greiningarstöð	Sérkennslustjórar

### Vorönn 2026

Heiti námskeiðs	Þátttakendur
Blæ	4 starfsmenn
Skyndihjálp	Allir



## Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl eru einu sinni á ári í apríl – maí þar sem er rætt um starfsþróun og líðan. Hvort starfsfólk óski eftir breytingu í starfi m.a eða flutning innan leikskólans. Fræðsluþarfir og almennt um frammistöðu að mati starfsmannsins.

## Fundir og faglegar áherslur á skólaárinu

10 starfsmannafundir eru á árinu í 3 – 4 tíma í senn frá kl. 16:15. Þar er farið yfir ýmis mál er varðar daglegt starf í leikskólans, ásamt deildarfundum þar sem starfið innan deildar er rætt og farið yfir barnahópin hverju sinni ásamt annarri skipulagningu eins og áætlanir og skýrslur. Stundum eru styttri námskeið, jafnframt kynningarfundur fyrir foreldra að hausti. Deildarstjórafundir eru aðra hverja viku.

## Mat á skólastarfi

Mati á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar, unnið af starfsmönnum hennar. Markmið innra mats er að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá. Grundvallaratriði innra mats er að það stuðli að umbótum sem bæti skólastarfið og efla skólaþróun. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum.

Sjá nánar <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

Skólaárið 2025- 2026 er lögð áhersla á umbætur tengdum innra mati frá síðasta skólaári. Gæðaráð (matsteymi) hefur verið endurskipað og gerðar áætlanir til lengri og skemmri tíma í innra mati sem ramma inn mat á skólastarfinu öllu og sett skýr viðmið um árangur. Gæðaráð fundar reglulega samkvæm áætlun og heldur utan um framkæmd matsins. Nánar má lesa um allt sem tengist innra mati skólans [hér í þessu skjali](#).



## Skimanaáætlun

Sérkennslustjóri heldur utan um fyrirlögn skimana. EFI-2 er lagt fyrir alla nemendur á fjórða ári. Hljóm-2 er lagt fyrir alla nemendur á seinasta ári leikskólans að hausti og endurtekið ef þörf er á að vori. TRAS skráning á málþroska barna á aldrinum 2-5 ára er lagður fyrir öll börn á leikskólanum, hver og einn hópstjóri sér um að halda utan um skráningar á sínum hóp að lokum sjá deildastjórar sem hafa lokið Tras námskeiði að fylla út í skimunarlistann. Aðrar skimanir eru lagðar fyrir í samvinnu við foreldra vegna einstakra nemenda ef áhyggjur vakna af þroskaframvindu þeirra.

Matstæki	Hvers konar	Hversu oft	Áhersluþættir	Hver leggur matið fyrir
Smábarnalistinn (15-38 mán.)	Stöðupróf	Ef þarf	Meta mál og hreyfiþroska 15-38 mánaða	Foreldri fyllir út, sérkennsæustjórar túlka niðurstöður
Íslenski þroskalistinn (3-6 ára)	Stöðupróf	Ef þarf	Meta mál og hreyfiþroska 3 – 6 ára barna	Foreldri fyllir út, sérkennsæustjórar túlka niðurstöður
TRAS Öll börn frá 2 til 5 ára	Stöðupróf	Öll börn tvisvar á ári	Skráning á málþroska	Ábyrgðarmaður er sérkennslustjóri
EFI - 2	Stöðupróf	Öll börn á 4 aldursári	Málþroskaskimun	Sérkennslustjóri
Hljóm-2 Allur elsti árgangur	Skimunarpróf	Að hausti, endurmat eftir áramót ef þörf er á	meta hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi	Sérkennslustjóri
Íslenski máhljóðamælirinn	Skimunarpróf	Ef þörf	Metur framburð íslensku máhljóðanna	sérkennslustjórar
Orðaskil	Skimunarpróf	Ef þörf	Prófið byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og hálfis til þriggja ára.	Foreldri fyllir út, sérkennsæustjórar túlka niðurstöður



## Foreldrasamstarf

Á haustin er foreldrum boðið á fund með kennurum barna sinna á hverri deild fyrir sig. Þar er farið yfir áherslur deildarinnar, vikuskipulagið og það sem framundan er fyrir skólaárið.

Foreldrahandbók er send á foreldra fyrir hverja deild fyrir sig.

Foreldrahandbók sjá á heimasíðu leikskólans.

<https://lsnb.leikskolinn.is/Upplýsingar/Handbok-foreldra>

## Foreldrafélag

Á sitthvorri starfsstöðinni eru öflug foreldrafélög sem standa fyrir ýmsum viðburðum og fjáröflunum fyrir barnahópinn.

### Krífakot:

Guðrún Eva Bjarkardóttir Formaður

Júlíana Björg

Marlena Lakomska

Kristrún Hafsteinsdóttir

Valgerður Kristmansdóttir

### Krúból :

Helga Jóhannsdóttir

Helga María Skúladóttir

## Fréttabréf og Karellen smáforritið/heimasíðan

Reglulega koma fréttir/myndir úr starfinu á heimasíðu leikskólans <https://lsnb.leikskolinn.is/> einnig eru þar gagnlegar upplýsingar fyrir foreldra. Fréttabréf eru yfirleitt send í tölvupósti til foreldra einu sinni í viku frá deildastjórum. Upplýsingar tengdar leikskólanum fara einnig í gegnum karellen smáforritið.



## Mötuneyti

Leikskólinn er heilsueflandi leikskóli þar sem við leggjum áherslu á hollan og næringarríkan mat. Allur matur er unnin á staðnum þar sem einungis er notast við gæða hráefni.

## Viðburðir

Yfir skólaárið er boðið upp á ýmsa viðburði til þess að brjóta upp og gera dagana fjölbreyttari. Sjá skóladagatal í viðhengi.

## Samstarf við grenndarsamfélag

### Samstarf leik- og grunnskóla

Gott samstarf er milli skólastiganna og fara elstu nemendur leikskólans í reglubundnar heimsóknir í grunnskólann auk þess sem nemendur 1. bekkjar koma sömuleiðis í heimsóknir í leikskólann. Samstarfsfundir eru haldnir að hausti yfir skólaárið. Skilafundir eru haldnir í júní þar sem deildarstjóri skólahópsins og sérkennslustjóri skila sínum hóp fyrir næsta skólastig.

### Heilsugæslustöð

Góð samvinna er á milli leikskólans og Heilsugæslu. Heilbrigðisstofnunin boðar til og hefur umsjón með ung- og smábarnavernd, 2 1/5 og 4 ára skoðun fer fram í leikskólanum. Þegar barn byrjar í leikskólanum er óskað eftir samþykki foreldra fyrir samstarfi við heilsugæsluna, um að leikskólinn megi fá upplýsingar úr skimunum frá heilsugæslu.

## Öryggismál

Starfsmenn áhaldahúss sjá um lóð leikskólans og umsjónarmaður fasteigna sér um allt minniháttar viðhald innanhúss. Árlegt öryggiseftirlit er frá heilbrigðiseftirliti Vesturlands og er skýrslu skilað eftir hverja úttekt. Öll slökkvitæki eru tekin í gegn og yfirfarin ár hvert af slökkviliði og sér öryggistrúnaðarmaður um það.



- Rýmingaráætlun er í leikskólanum og er hún kynnt fyrir öllu starfsfólki. Kennarar og skólastjórnendur standa fyrir brunaæfingu tvisvar á ári
- Starfsfólk leikskólans sækir námskeið í skyndihjálpi á tveggja til þriggja ára fresti. Í leikskólanum eru sjúkragögn til að bregðast við fyrstu hjálpi og eru þau yfirfarin árlega og oftari ef þarf
- Verði slys á börnum í leikskólanum eru þau skráð á sérstök eyðublöð og skráningar teknar saman í lok hvers árs. Ef alvarleg slys eiga sér stað ber að tilkynna þau til lögreglu og lögregluskýrsla gerð í framhaldinu. Lögregluskýrsla er varðveitt hjá lögreglu en skólastjórnandi fær afrit óski hann þess.
- Verði slys á starfsfólki á vinnutíma sem hafa í för með sér fjarveru frá vinnu eru þau skráð á slysaskráningarblöð leikskólans og tilkynnt til Vinnueftirlitsins.

## Öryggisnefnd

Hlutverk nefndarinnar er að fylgja eftir gerðum áætlunum, úttektum opinberra eftirlitsaðila og að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög og reglugerðir.

Í öryggisnefnd sitja: Helga María Skúladóttir og Leó Örn Þrastarsson

## Skóladagatal

Starfsáætlun nemenda birtist fyrst og fremst í skóladagatali leikskólans. Skóladagatal er birt á heimasíðu skólans að vori- leikskólastjóri gerir tillögu að skóladagatali, ber undir deildarstjóra og að lokum er skóladagatal staðfest í fræðslunefnd. Skóladagatal er sent í tölvupósti til allra foreldra að hausti og aðgengilegt á heimasíðu skólans.

<https://lsnb.leikskolinn.is/Frettir/almennt/Skoladagatal-2025--2026/>



## Lokaorð

Leikskóli Snæfellsbæjar er samfélag barna og starfsfólks þar sem **virðing, vinátta og gleði** eru leiðarljós í öllu starfi. Við leggjum okkur fram um að skapa umhverfi þar sem börn fá að vaxa, þroskast og njóta ævintýrisins sem felst í námi og leik.

Starfsáætlunin er verkfæri okkar til að tryggja markvissa stefnu og samræmda framkvæmd í daglegu starfi. Hún er jafnframt lifandi skjal sem við endurskoðum og þróum reglulega í takt við þarfir barnanna, fjölskyldna þeirra og samfélagsins í heild.

Við trúum því að með samvinnu, jákvæðu viðmóti og fagmennsku skapist best skilyrði til að börnin upplifi öryggi, ánægju og árangur. Á þann hátt leggjum við grunn að framtíð þar sem þau verða sjálfstæð, ábyrg og umhyggjusöm.

Mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn viti að þeir geta **alltaf haft samband við leikskólastjóra eða starfsfólk leikskólans** ef spurningar vakna eða þörf er á samráði. Opið og gott samstarf er lykillinn að því að börnin okkar njóti sín sem best.